



FÉLAG ELÐRI BORGARA
Á AKUREYRI

5. stjórnarfundur EBAK 15. desember 2021 kl. 16.00

Mættir: Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson, Sigurður Harðarson, Torfhildur Þorgeirsdóttir Helgi Aðalsteinsson, Birgir Svavarsson, Friðrik Vagn Guðjónsson og Helga Eymundsdóttir.

Fjarverandi: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Eva B Magnúsdóttir.

1. Fundarsetning. kl. 16.00

2. Fulltrúar öldungaráðs, Sigríður Stefánsdóttir og Halldór Gunnarsson, komu á fundinn. Sigríður

sagði frá starfi öldungarráðs. Ráðið hefur haldið 9 fundi á árinu. Aðgerðaráætlunin var tekin fyrir í bæjarstjórn í gær (14. des). Í áætluninni er lögð áhersla á heilsueflingu. Heilsugæslan og Háskólinn á Akureyri eru með í áætluninni. Aðgengi að heimasíðu bæjarins er bætt með tilliti til upplýsinga. Haldið verður áfram með aðgerðaráætlunina eftir áramót. Torfhildur spurðist fyrir um leiguíbúðir fyrir aldraða. Sigríður sagði að það væru ekki margar íbúðir ætlaðar öldruðum. Sigríður kynnti verkefnið aldurvænt samfélag /aldursvænar borgir. Verkefni sett af stað af alþjóðaheilbrigðisstofnunni WHO. Reykjavíkurborg er þátttakandi. Í verkefninu er tekið á helstu málum eldri borgara eins og húsnæðismálum, samgöngum, félagslegri þátttöku, upplýsingamiðlun, heilbrigðismálum og fleiru. Það þarf að sækja um þátttöku og bæjarfélagið er metið í kjölfarið.

Það þarf að endurskoða hlutverk öldungarráðs og fá bæjarstjórn til að hlusta betur á tillögur öldungaráðs. Halldór lagði til að haldinn verði opinn fundur um aðgerðaráætlunina.

Halldór benti á að á síðasta fundi öldungaráðs var bókað að öldungaráð lagðist gegn sölu dvalarheimilana á Akureyri.

3. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.

4. Viðvera. Farið yfir viðveru frá síðasta fundi.

Næstu viðverur eru 5. janúar Garðar og 12. janúar Sigurður.

5. Næsti stjórnarfundur. Tillaga um þriðjudag 11. janúar kl. 16.00. Samþykkt.

6. Starfið.

- i. **Tiltekt.** 22. nóvember tóku Garðar og Hallgrímur til í tölvu og möppum á skrifstofu.. Þarf að koma einhverjum möppum á skjalasafnið.
- ii. **Spjaldtölvukynningar** voru alla föstudaga í nóvember. Þær voru vel sóttar og þörf að halda áfram. Samkvæmt nýjum stjórnarsáttmála á að leggja fé í að efla spjaldtölvunotkun eldri borgara. Símenntun Háskólans á Akureyri hefur sýnt áhuga að bjóða í verkið. EBAK

á spjaldtölvur sem keyptar voru til að nota í kynningarnar á vegum félagsins. Þær hafa ekki nýst. Athuga að selja þessar spjaldtölvur.

iii. **Ringó.** Leitað hefur verið eftir aðstöðu í íþróttahúsum Akureyrarbæjar en ekkert fannst en Menntaskólinn hafði lausan einn og hálfan tíma í viku. Stefnt að byrja eftir áramót.

iv. **Undirbúningur fyrir aðalfund.** Það þarf að fara yfir samþykktir félagsins og funda með uppstillinganefnd.

7. **Opið bréf til bæjarráðs.** Hallgrímur skrifaði opið bréf til bæjarráðs vegna höfnunar bæjarins á félagsaðstöðu í íbúðablokk Búfestis á Jötunfellsreitnum. Það bréf hefur fengið mikla athygli.

8. **Formannafundur LEB 19. nóvember og 8. desember.** Á fundinum 19 nóvember kom fram að LEB er hætt við kaup á Lifðu núna. Kom fram á fundinum að eldra fólk víða á landinu vill ekki ganga í eldri borgara félag. Ef til vill ætti ekki kenna félagsskapin við eldra fólk. ÍSÍ og LEB hafa fengið styrk frá félagsmálaráðuneytinu og ætla ráða hvort um sig starfsmann til að kortleggja framboð á heilsueflingu um allt land.. LEB ætlar að taka upp sérstakt afsláttarapp þar sem afsláttarbókin er í. Þetta afsláttarapp verður tengt félagakerfi LEB.

Á fundinum 8. des var tekið fyrir fjárlagafrumvarpið og athugasemdir við það. Það hefur komið tillaga um að aðildarfélög LEB væru með sínar heimasíður undir heimasíðu LEB. Sveitarstjórnarkosningar verða í vor og það þarf að koma áhersluatriðum eldri borgara á framfæri.

9. **Félag og innheimtukerfi Abler** hefur verið kynnt en of margt er óljóst til taka afstöðu. Einnig taldi fundurinn rétt að skoða þetta mál í sambandi við upptekt á nýju bókhaldskerfi fyrir félagið.

10. Önnur mál.

i. **Hjartastuðtæki.** Sigurður hefur verið í sambandi við Rauðakrossinn.

ii. **Athuga með vinnu og kostnað við bókhald** og hvort hægt er að vinna bókhaldið innan félagsins.

iii. **Það þarf að gera þarfagreiningu** á húsnæðisþörf félagsins.

11. **Fundi slitið 17.45**

Garðar Lárusson ritari.